



## Samgöngunefnd SSA Fundargerð 4. fundar starfsárið 2018 – 2019

Fundur var haldinn í samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi þriðjudaginn 2. apríl 2019, kl. 10:00 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum.

Mætt voru: Anna Alexandersdóttir, Lárus Heiðarsson, Teitur Helgason, Jakob Sigurðsson og Þorbjörg Sandholt.

Elvar Snær Kristjánsson, Eydís Ásbjörnsdóttir og hennar varamaður Jens Garðar Helgason boðuðu forföll.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Gengið var til eftirfarandi dagskrár:

### Dagskrá fundar:

*Stjórn SSA kom inn á fundinn undir þessum fundarlið*

Gestur fundarliðsins Bergþóra Þorkeldsdóttir – forstjóri Vegagerðarinnar

- 1) Samgönguáætlun – helstu áherslur tengt Austurlandi
- 2) Framkvæmdir og viðhaldsverkefni – verkefni ársins og næstu ára mv. áætlun á Austurlandi
- 3) Hugmyndir um veggjöld – staða mála
- 4) Almenningsamgöngur – staða mála

*Stjórn SSA vék af fundi*

- 5) Önnur mál
  - Ferli við undirbúning ályktana

Gestur fundarliðarins í síma, Njáll Trausti Friðbergsson alþingismaður

- 6) Staða mála vegna tillagna verkefnahóps um “Eflingu innanlandsflugs og rekstur flugvalla”

\*\*\*

*Stjórn SSA kom inn á fundinn undir fundarliðum 1-4.*

1-4) Formaður bauð gesti fundarliðsins velkomna.

Gestir fundarliðarins eru Bergþóra Þorkelsdóttir – forstjóri Vegagerðarinnar, Ruth Elfarsdóttir fjármálastjóri Vegagerðarinnar, Sveinn Sveinsson svæðisstjóri og Jónas Snæbjörnsson framkvæmdastjóri.

- Samgönguáætlun – helstu áherslur tengt Austurlandi  
Sveinn fór yfir helstu framkvæmdir á Austursvæði í ár. Einnig fór hann yfir helstu stærðir í samgönguáætlun eins og hún stendur núna.
- Framkvæmdir og viðhaldsverkefni – verkefni ársins og næstu ára mv. áætlun á Austurlandi  
Sveinn fór yfir helstu framkvæmdir á Austursvæði í ár. Einnig fór hann yfir helstu stærðir í samgönguáætlun eins og hún stendur núna.
- Hugmyndir um veggjöld  
Bergþóra fór yfir stöðu mála varðandi hugmyndir um veggjöld.
- Almenningsamgöngur  
Farið var yfir stöðu mála og næstu skref sem snúa að SV-AUST.

Gestum fundarins var þakkað fyrir komuna og umræðuna.

*Stjórn SSA vék af fundi*

5) Önnur mál

- Ferli við undirbúning ályktana
  - Málið rætt lítillaga og frestað til næsta fundar v. seinkunar á fundardagskrá.

Gestur fundarliðarins í síma, Njáll Trausti Friðbergsson alþingismaður

6) Staða mála vegna tillagna verkefnahóps um “Eflingu innanlandsflugs og rekstur flugvalla”

Njáll Trausti fór yfir helstu atriði er tengst tillögum verkefnahópsins.

- Skýrslan kom út í byrjun desember og fékk fínar viðtökur í þinginu. Samgönguáætlun fékk 38 atkv í þingsal en skoska leiðin fékk 48 atkvæði.
- Fjallað er um skosku leiðina og flugvallakerfið í textanum í samgönguhlutanum í fjármálaáætluninni.
- Síðasti áfanginn í áætlunarferlinu á sér stað í fjárlagavinnunni í haust.
- Fram kom í máli Njalls að í meirihlutaáliti samgöngunefndar komi fram varðandi undirbúning á breytingum er tengjast fjármögnun varaflugvalla að fjármögnunarkerfi flugvallana hafi hrunið í maí 2011 þegar breytingar voru gerðar með því að fella út varaflugvallagjaldið.
- Flugþróunarsjóður – fjármagnið hefur minnkað vegna þess að hann hefur ekki verið full nýttur undanfarin ár. Ca. 100 millj. kr. eru inn í fjármálaáætlun en miðað við umræðuna þá virðist vera góður vilji frá ráðherra að bæta við þann sjóð ef þörf krefur.



Næsti fundur er fyrirhugaður 23. maí

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 12:45.